STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 1993

11. janúar 1993 5 Nr. 3

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 15. janúar 1993 eru allar veiðar með línu bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1. 64°55.2′ N – 23°46.8′ V
2. 64°59.3′ N – 23°46.8′ V
3. 65°00.0′ N – 23°40.0′ V
4. 65°01.0′ N – 23°33.5′ V
5. 65°10.5′ N – 23°16.0′ V
6. 65°17.0′ N – 23°19.0′ V
7. 65°20.0′ N – 23°04.0′ V
8. 65°04.0′ N – 22°42.0′ V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. janúar 1993.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Steindórsprent Gutenberg hf.